

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um bæjarfulltrúakosningu.* — Verzlunarþjónn í Ísafjardarkaupstað, sem var til húsa hjá hlutaðeigandi verzlunarstjóra, og hafði hjá honum fæði og þjónustu, hafði verið kosinn bæjarfulltrúi, og var kosning þessi álitin gild samkvæmt 3.—4. gr. reglugjörðar frá 26. jan. 1866, með því að hinn kosni bæjarfulltrúi gæti ei talizt öðrum háður sem hjú, þó hann væri verzlunarþjónn. **14**
15. febr.

— *Brjef landshöfðingja til landsyfirdómsins, um dómasafn.* — Í brjefi 22. þ. m. hefir hinn heiðraði landsyfjrrjettur út af beiðni secretairs J. Jónssonar, sem hingað hefir verið send, um styrk af landssjóði til að halda áfram dómasafni því, er hann hefir gefið út fyrir árin 1873 og 1874, látið það álit í ljósi, að það að visu sje mjög æskilegt, að helztu dómar, sem landsyfjrrjetturinn upp kveður, og hæstarjettardómar í íslenskum málum verði almenningi kunnir, en að engin sjerleg þörf þó virðist á að gefa út þvílíkt dómasafn út af fyrir sig, þar allir slíkir dómar sjeu teknir í blöðin, og því næst getið þess, að skyldi slíkt dómasafn álitast nauðsynlegt eða æskilegt, og styrkur til að gefa það út verða veittur af landssjóði, eigi það bezt við, að yfirdómurinn annist sjálfur um að gefa út þvílíkt safn. **15**
18. febr.

Út af þessu leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að gefa það til vitundar, að jeg, eins og hinn heiðraði rjettur, álit það mjög æskilegt, að umgetnir dómar verði almenningi kunnir, en að mjer virðist ekki viðkunnalegur birtingarháttur sá, sem hefir að undanfögnu átt sjer stað, sumpart í blaðinu «Þjóðólfi», sumpart í «Ísafold», þar sem að eins útdráttur er gefinn af flestum dómunum, og þar að auki er engin vissa, hvorki fyrir að útdrættirnir sjeu rjettir, nje að allir dómar verði á þenna hátt auglýstir, og getur slíkur birtingarháttur ekki tekið fyrir það, að sjerstakt dómasafn sje æskilegt. Jeg er þess vegna fús á að leggja til af sje því, sem veitt er með fjárlögum frá 15. okt. f. á. 15. gr., hæfilegan styrk til að gefa út sjerstakt dómasafn, og með því að jeg er hinum heiðraða yfjrrjetti samdóma um, að það væri æskilegt, að þvílíkt safn yrði út gefið að tilhlutun rjettarins sjálfs, eða einhvers af dómurum hans, og jeg dirfist að skilja nefnt brjef af 22. f. m. sem tilboð um þetta, skal jeg biðja mjer þóknanlegrar uppástungu um, hversu mikill styrkur sá ætti að vera, sem með virðist þurfa til að gefa út þetta dómasafn.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur.* — Samkvæmt tillögum amtmanns var þeim **16**
2. marz. 148 kr., sem samkvæmt dómsmálastjórnarbrjefi frá 26. febrúar 1870 og 6. gr. E. 8 fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 1875 voru ætlaðar til eflingar garðaræktinni í vesturumdæminu, út býtt í verðlaun til neðannefndra manna, sem sýnt hafa dugnað í landbúnaði, einkum í þúfnasjettun og túngarðahleðslu

höndans Indriða Gíslasonar á Hvoli í Dalasýslu 50 kr.

— Kára Konráðssonar í Hraunfirði í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu 48 —

hreppstjóra Björns Gíslasonar á Brúarhrauni 50 —

— *Skýrsla amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um árangurinn af ráðstöfunum til útrýmingar fjárkláðanum.* — Síðan jeg í brjefi dag- **17**
16. marz

17
16. marz. settu 18. okt. f. á. skýrði herra landshöfðingjanum frá heilbrigðisástandi sauðfjárins á hinu kláðagrunaða svæði í suðuramtinu, eptir að fjárrjettir voru nýlega afstaðnar, hefir hvervetna verið höfð stöðug aðgæzla á fjenu, skoðanir á því fram farið allajafna með hálfsmánaðar-fresti, og baðanir verið fyrirskipaðar samkvæmt auglýsingu herra landshöfðingjans frá 30. ágúst f. á. Hreppnum var skipt í svo kallaðar baðsveitir, baðstjórar skipaðir yfir þær til að sjá um baðanir og skoðanir undir yfirumsjón hreppstjóra og lögreglustjóra, en í sumum hreppnum voru skipaðir sjerstakir hreppstjórar í fjárkláðamálinu, þar sem það eptir kringumstöðunum þótti nauðsynlegt.

Jeg skal því næst fyrst leyfa mjer að skýra frá ástandinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og í þeim hluta Árnessýslu, sem hefir verið kláðagrunaður. Eins og getið er um í skýrslu minni frá 18 okt. f. á. gjörðu fjáreigendur í 4 syðstu hreppnum í Gullbringu-sýslu, Grindavíkurhreppi, Hafnahreppi, Rosmhvalaneshreppi og Vatnsleysustrandarhreppi, samþykkt um að skera allt fje sitt fyrir nýár, og hefir samkvæmt þeirri samþykkt öllu sauðfje verið eytt í þessum hreppum.

Í öðrum hreppum á hinu hjer umrödda svæði hefir enginn almennur niðurskurður fram farið, en þó hafa fjáreigendurnir sumstaðar nokkuð fækkað fje sínu til þess að geta betur birt um það fje, er þeir settu á vetur, ef kláði kynni, að koma upp í því, og hefir hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu stutt að þessu með því að fram fylgja því, sem fyrir skipað er í 2. grein fyrrnefndrar auglýsingar um aðvörun til fjáreigandanna um að hafa hús og hey handa fjenaði sínum.

Við skoðanir þær, sem fram hafa farið, hefir kláðans orðið vart á allmörgum stöðum, en yfir höfuð í mjög fáum kindum á hverjum stað, og skal jeg nú leyfa mjer að skýra frá ástandinu eins og það hefir sýnt sig í hverjum einstökum hreppi, samkvæmt skýrslum hins setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, dags. 12. nóvbr. f. á., 18. janúar þ. á., 21. f. m. og 6. þ. m.

Í *Álptaneshreppi* höfðu farið fram 6 skoðanir og 2 almenn böð, annað um mánaðamót október og nóvembermánaða, hitt í miðjum desember. Á undan fyrra baðinu fannst kláði á 3 bæjum í 6 kindum alls, og á undan síðara baðinu í einni, og voru allar þessar kindur skornar. Eptir síðara baðið fannst enginn kláði í hreppnum, og hefir hans ekki orðið vart þar síðan.

Í *Seltjarnarneshreppi* hefir eitt almennt bað framfarið; þar hefir fundizt kláði eða kláðavottur í 3 kindum, sinni á hverjum bæ; kindur þessar hafa verrið skornar, og tvíbaðað allt fje á þessum bæjum. Síðan hefir ekki orðið kláðavart í hreppnum.

Í *Reykjavík* fram fór eitt bað; þar fannst ekki kláði fyrir baðið, og hefir eigi fundizt þar síðan.

Í *Mosfellssveit* var baðað tvisvar á sömu tímum og í *Álptaneshreppi*. Á undan fyrra baðinu vissu menn þar ekki af kláða, en eptir þetta bað fannst kláði á einu lambi, sem var skoríð, og allar kindur, sem það hafði gengið saman við, tvíbaðaðar. Eptir síðara baðið fannst grunur um kláða í einni kind; þótti það óvist, hvort þetta væri kláði; en til tryggingar var fyrirskipað nýtt bað á kindum þeim, er hún var með. Síðan hefir þar ekki orðið kláðavart.

Í *Kjalarneshreppi* fór fram eitt almennt bað um október og nóvembermánaðamót. Fyrir baðið fannst kláði í 5 kindum, og eptir baðið við skoðun síðast í nóvember og í byrjun desembermánaðar fannst á 5 bæjum 21 kind með kláðavotti; kindur þessar voru teknar frá til lækningameðferðar, og nýtt almennt bað fyrir skipað yfir öll þau hverfi, þar sem kláðinn hafði gjört vart við sig. Síðan hefir þar ekki orðið kláðavart; þó hefir hinn

setti lögreglustjóri í skýrslu sinni frá 6. marz skýrt frá, að hann þá hafi verið nýbúinn að fá skýrslu um, að vottur hafi fundizt í einni kind, en að það hafi þótt óvíst, hvort það hafi verið lifandi kláði. 17
16. marz.

Í *Kjósarhreppi* fram fór almennt það um sama leyti og í Kjalarneshreppi. Fyrir þaðið fannst kláði á 7 bæjum í 17 kindum alls, sem allar voru skornar; en við fyrstu skoðun eptir þaðið fannst kláði á 3 bæjum í 15 kindum alls, og við aðra skoðun þar á eptir á 4 bæjum í 30 kindum alls; voru tvær af þeim skornar, en hinar teknar til lækninga, og var allt það fje, sem gengið hafði saman við kindur þessar, síðan tvíbaðað. Við næstu skoðun þar á eptir varð ekki kláðavart; en við nýja skoðun, er fram fór um árslokinn, varð vart við kláða á tveim bæjum í sinni kindinni á hverjum bænum; var fjeð á þeim bæjum síðan baðað. Við skoðun um miðjan janúarmánuð fannst kláði í einni kind; var hún tekin til lækninga, og allt fjeð, er hún hafði gengið saman við, baðað. Í miðjum janúarmánuði ferðaðist dýralæknirinn eptir ósk lögreglustjórans til Kjósarhrepps og nokkurra annara hreppa, til að grennslast eptir um ástandið þar sem ísbyggilegast þótti, og skýrði hann amtinu frá 31. s. m. að ætla mætti, að kláðavottur sá, sem þar hafi fundizt, væri allæknadur. En í skýrslu sinni 6. marz getur hinn setti lögreglustjóri þess, að hann þá hafi verið nýbúinn að fá vitneskju um, að kláði hafi á ný fundizt á einum bæ í hreppnum.

Í *Pingvallasveit* fór almenn böðun fram í nóvembermánuði. Á undan þaðinu hafði fundizt ein kind með kláða, en eptir þaðið tvær kindur sín á hverjum bæ, og var síðan fjeð á þessum bæjum baðað á ný. Síðan hefir fjárkláðinn ekki gjört vart við sig í þessum hreppi.

Í *Grafningshreppi* varð ekki kláðavart fyrstu vikurnar eptir rjettir, en samt var allt fje þar tvisvar baðað á tímabilinu frá 18. okt. til 5. nóvember. Við aðra og þriðju skoðun eptir böðin kom fram kláðavottur á 6 bæjum í alls 7 kindum, og hefir allt fjeð á þeim bæjum síðan verið tvíbaðað frá 6. til 20. desembermánaðar. Við næstu skoðun, er fram fór þar eptir, fannst enginn kláði í hreppnum, en við skoðun er fram fór 17—23. janúar fannst þar 1 kind með kláða og hefir allt fjeð á þeim bæ síðan verið tvíbaðað.

Í *Grímsneshreppi* fannst í rjettunum kláði á 4 kindum, og við almenna skoðun í hreppnum 4.—12. okt. ennfremur í 3 kindum. Við skoðun síðast í sama mánuði fundust ennfremur 7 kindur með kláða á 3 bæjum. Allar þær kindur, sem kláðinn hafði komið fram í, voru skornar og fjeð allt tvíbaðað á 4 bæjum þar sem kláðavart hafði orðið; þar að auki fram fór almenn böðun á öllu fje í hreppnum í byrjun nóvembermánaðar. Við 3 eptirfylgjandi skoðanir varð kláðavart á 9 bæjum, alls í 11 kindum; voru kláðakindurnar skornar, en fjárhópar þeir, er þær fundust í, tvíbaðaðir. Þar eptir hafði síðast í desembermánuði fundizt kláði á einum bæ í hreppnum, og eptir nýár vottur í tveim kindum, sinni á hverjum bæ. Var fjeð á þessum bæjum tvíbaðað. Síðan hafði 19. febr. kláðablettur fundist í tveim lömbum á einum bæ, og var allt fje þar þareptir baðað einusinni, og átti að baða það í annað sinn um það leyti hin síðasta skýrsla lögreglustjórans var send amtinu.

Í *Ölveshreppi* fannst kláði eptir rjettir í 7 kindum á 3 bæjum. Um október og nóvembermánaða mót var allt fjeð í hreppnum baðað. Við tvær eptirfylgjandi skoðanir fannst enginn kláði í hreppnum, en þó var til tryggingar ný almenn böðun framkvæmd. Við tvær næstu skoðanir fannst enn enginn kláði í hreppnum, en við skoðun í fyrra hluta janúarmánaðar fannst blettur í einni kind á stærð við fingurgóm, og kom mönnum saman um, að það væri kláði, kindin var skorin og allt fje á bænum og annað fje, er hún hafði haft samgöngur við, baðað.

1867

17
16. marz.

Í *Selvogshreppi* hafa 2 almenu bōð fram farið um október og nóvembermánaðamót, og hefur eigi þar orðið vart við kláða við skoðanir þær, sem síðan hafa fram farið.

Því næst skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, sem kunnugt er um ástandið í Borgarfjarðarsýslu :

Eptir skýrslu hlutaðeigandi sýslumanns hafði eigi orðið vart við fjárkláða í sýslu þessari í rjettunum í haust, en um sama leyti fannst þó kláði í einum eða tveim gemlingum í Lundareykjadal, sem voru skornir. Aptur var allt fje í sýslunni talið heilbrignt við skoðanir, er fram fóru í byrjun nóvembermánaðar. Síðan hefir þó fundizt kláði á bæjunum Neðrahrepp og Grund í Skorradalshreppi og á Varmalæk. Á hinum tveim fyrstnefndu bæjum fannst kláðinn í einni kind á hverjum bæ, og voru þær skornar, en fjeð á Grund baðað, og eptir skýrslu frá landshöfðingjasekretara Jóni Jónssyni, sem var sendur til Borgarfjarðarsýslu í síðari hluta desembermánaðar til að aðstoða lögreglustjóranum við ráðstafanir og framkvæmdir í fjárkláðamálinu, var húið að gjöra ráðstafanir til að baða fjeð í Neðrahreppi. Um meðferðina á fjenu á Varmalæk hef jeg ekki enn fengið skýrslu frá lögreglustjóranum, en mjer hefur borizt fregn um, að það hafi verið skorið.

Eins og herra landshöfðingjanum er kunnugt, hafa Borgfirðingar viljað fá sig undanþegna frá að baða fje sitt í vetur eins og fyrirskipað var í optnefndri auglýsingu 30. ágúst f. á., og hefi jeg við annað tækifæri skýrt yður hávelborni herra frá, að eptir að jeg hafði tilkynnt þeim brjef yðar frá 6. desember f. á., þar sem þeim er neitað um slíka undanþágu, fór hlutaðeigandi sýslumaður þess enn á ný á leit í brjefi frá 15. jan. þ. á. eptir ósk nokkurra hreppa, að hver sá hreppur í sýslunni, sem vildi skuldbinda sig til að skera endurgjaldslaut af hálfu hins opinbera allt hið kláðasjúka fje sitt, mætti verða laus við að baða eður reyna lækningar. En þar eð það virtist auðsætt, að þetta boð væri mjög þýðingarlítið, og þar eð síðan í haust hafði orðið vart við fjárkláða í sýslunni, þótti mjer ekki einu sinni ástæða til að bera þessa ítrekuðu beiðni hlutaðeiganda upp fyrir herra landshöfðingjanum, heldur endurnýjaði í brjefi dags. 3. f. m. hinar áður gjörðu fyrirskipanir um almenna bōðun fjárins í allri Borgarfjarðarsýslu, eins og í öðrum hjeruðum á hinu kláðagrunaða svæði, og tók jeg í þessu tilliti sjerstaklega fram, að á þeim stōðum, þar sem kláðavart hefði orðið síðan í haust, bæri að framkvæma baðanir undir eins og því yrði við komið á öllu fje, sem nokkur líkindi væru til að hefði haft samgöngur við hið sjúka fje, og hið sjúka að takast til reglulegrar lækningameðferðar, að því leyti það eigi hafi verið skorið, og að framkvæma skyldi eitt bað á öllu öðru fje í sýslunni, en með tilliti til þess mætti um tímunn, þá er baða skyldi, haga sjer meira eptir hentugleikum fjáreigandanna, þó svo, að baðinu væri lokið fyrir næstkomandi sumarmál. Síðan hefi jeg ekki meðtekið skýrslu um, hvað gjörzt hefir í Borgarfjarðarsýslu; en það sem gjörir svo mikla erfiðleika með að koma máli þessu í viðunandi horf í nefndri sýslu, er hið mikla vantraust, sem sýslubúar sýnast hafa á lækningum og bōðunum, og það álit þeirra, að það sje nægileg trygging gegn útbreiðslu fjárkláðans að skera hina einstōku fjárhópa, sem kláðinn kemur upp í. Ítarlegri skýrslu um ástandið í Borgarfjarðarsýslu sje jeg mjer ekki fœrt að gefa að sinni, en jeg vonast eptir að geta gefið slíka skýrslu sem allrafyrst, eptir að hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu á svæðinu fyrir sunnan Botnsvoga, landshöfðingjasekretari Jón Jónsson, sem með brjefi herra landshöfðingjans frá 4. þ. m. einnig var skipaður til sem settur sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu fyrst um sinn að gegna öllum lögreglustjóra- og dómarastörfum í málum viðvikjandi upprœtingu fjárkláðans í tjeðri sýslu, — er kominn heim úr ferð þeirri, sem hann hefir tekizt á hendur þangað til að gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir í máli þessu.

Að síðustu skal jeg geta þess, að eftir þeim skýrslum, sem antið hefir meðtekið frá Arnassýslu og Rangárvallasýslu í suðuramtinu og Mýrasýslu, Dalasýslu og Strandasýslu í vesturamtinu, hefir ekki orðið vart við fjárkláða fyrir utan hið kláðagrunaða svæði, og skal þess sjerstaklega getið, að jeg að vísu hefi álitíð, að austurtakmörk þessa svæðis ættu að álitast að vera vatnalínan Ölfusá, Hvítá og Brúará, og að þar sem talað er um svæðið milli Hvítánnu í auglýsingunni frá 30. ágúst f. á., þá sje þar með haft fyrir augum svæðið milli þessarar línu að austan og Hvítár í Borgarfirði að vestan. En samt sem áður hefir hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu sjerstaklega kynnt sjer ástandið í Biskups-tungnahreppi, sem er fyrir austan Brúará, og hefir hann skýrt mjer frá, að þar hafi enginn kláði fundizt. Frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hefi jeg enn ekki meðtekið skýrslur um hinar fyrirskipuðu skoðanir, en engin líkindi eru til, að fjárkláðinn hafi útbreiðzt þangað fra suðurumdæminu.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna, um fjárrekstrabann.* — Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu í brjefi frá 16. þ. m., skal með þessu brjefi bannið í auglýsingu landshöfðingja frá 30 ágúst f. á. gegn fjárrekstrum og fjárflutningum úr sveitum á svæði því milli Hvítánnu, sem grunur er á um fjárkláða, í önnur hjeruð, og úr öðrum hjeruðum inn á þetta svæði, lengt um óákveðinn tíma, þannig að vesturtakmörk hins nefnda svæðis verði Hvítá í Borgarfirði, en austurtakmörk þess Ölfusá, Hvítá og Brúará.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þókanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir öllum hlutaðeigöndum.

— *Skýrsla amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjárkláðann í Borgarfirði.* — Í framhaldi af brjefi amtsins dags. 16. þ. m., innihaldandi skýrslu um heilbrigðisástand sauðfjárins á hinu kláðagrunaða svæði í suðuramtinu, skal jeg eftir þeim skýrslum, er jeg nú hefi í höndum, leyfa mjer að gefa eftirfylgjandi ítarlegri skýrslu um ástandið í Borgarfjarðarsýslu.

Eins og segir í fyrrnefndri skýrslu hafði orðið vart við kláða á Neðrahrepp og Grund í Skorradalshreppi og á Varmalæk í Andakýlshreppi. En þar að auki hefir eftir nýárið komið fram kláði á þessum bæjum í Flókadal í Reykholtisdalshreppi: Hæli, Brennistöðum, Hrísum, Steðja og Brúsholti. Á Neðrahrepp og Grund hefir sjeð verið tekið til lækningmedferðar og ætlast nú að vera heilbriggt, en á hinum bæjunum var allt sjeð skorið á þorr-anum. Enn fremur voru menn hræddir um, að kláðavottur hefði fyrir mánuði síðan fundizt í einum lambhrút á Skarði í Lundareykjadalshreppi og var hann skorinn og 39 gemlingar, er hann hafði gengið saman við; en þó fannst engin kláðabóla í gærunum af þeim þegar þær voru rakaðar, og þykir því tvísýnt, hvort hjer hafi verið sótt næmur kláði. Loks hefir fyrir hálfum mánuði síðan fundizt kláði í sauðum á Indriðastöðum í Skorradalshreppi; voru þeir skornir, en ráðstafanir gjörðar til að baða annað sje á bœnum.

Eftir skýrslum þeim, sem antið hefir meðtekið frá sýslumanninum í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, og frá hinum setta lögreglustjóra, hefir enn engin almenn böðun sauðfjárins fram farið í sýslunni. Hinn setti lögreglustjóri skýrir frá, að hann hafi lagt fyrir fjáreigendur að hlýðnast án frekari undandrátta skipunum herra landshöfðingjans og amtsins í þessu efni, og hefðu flestir bændur tjáð sig fúsa til að baða þegar ærnar væru